Alþingi
Erindi nr. Þ 141/328
komudagur 2.11.2012

**Alþingi**

Kirkjustræti
**150 Reykjavík**

Akranesi, 1. nóvember 2012
1210187 LJ

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félagslega aðstoð (bifreiðastyrkir hreyfihamlaðra), 36. mál**

Sú viðbót sem fram kemur í frumvarpinu við 10.gr. er að mati Akraneskaupstaðar ákveðin réttarbót fyrir hinn fatlaða.
Það er réttarbót að geta haft val um að velja þann aðila sem keyrt getur bifreið viðkomandi.

Fram kemur í frumvarpinu það skilyrði að nægilega hafi verið sýnt fram á nauðsyn styrks eða uppbótar og að staðfesting þess efnis fáist frá heimilislækni bótaþega og félagsmálastjóra viðkomandi sveitarfélags. Bent er á að gott væri að hafa einnig ákvæði um að komi upp álitamál um notkun bifreiðarinnar getið hinn fatlaði (eigandi bifreiðarinnar) vísað málinu til réttindagæslumanns svæðisins.

Virðingarfyllst,

Laufey Jónsdóttir
verkefnisstjóri heimaþjónustu